

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Hafnarbraut og Auðbrekka.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Á lóðum Hafnarbrautar 11 og 21-23 á vestanverðu Kársnesi breytist hafnarsvæði í svæði með blandaðri landnotkun (athafna- og íbúðasvæði).
- Á lóðum Auðbrekku 2-32 (sléttar tölur) breytist svæði með blandaðri landnotkun (athafnasvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu) í annars konar svæði með blandaðri landnotkun (athafna- og íbúðasvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, svæði norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæði til notkunar að skipulagstímabili loknu breytist í svæði fyrir iðnað til notkunar á skipulagstímabilinu og að hluta til í svæði fyrir opinbera þjónustu. Jafnframt breytist lögun svæðisins að vestan- og norðaustanverðu og veltenging þvert yfir svæðið frá austri til vesturs fellur niður.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Selfoss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.